




Hólsvegur 11 (fsp) bílastæði

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. júlí 2023 var lögð fram fyrirspurn Rósu Ingólfssdóttur, dags. 1. júlí 2023, um breytingu á fyrirkomulagi bílastæða á lóðinni nr. 11 við Hólsveg.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040.



Hluti gildandi deiliskipulags, 1988.



Skjáskot af ja.is, 2023.

Skipulagsleg staða

Aðalskipulag: Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 26. apríl 2012. Skv. aðalskipulaginu er Hólsvegur 11 í skilgreindri íbúðarbyggð, nánar til tekið ÍB25 í íbúahverfinu Sund í borgarhluta 4 í Laugardal.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag Sundin, Reitur 1.3 – 1.4. samþykkt í borgarráði 10. nóvember 2005.

Um byggðina

Íbúahverfið Sundin er fullbyggt og fastmótað, en uppbyggingamöguleikar á einstökum lóðum eru skilgreindir í deiliskipulagi. Hverfið byggðist upp að mestum hluta á tímabilinu 1945 – 1960, skv. deiliskipulagsupprætti sem var gerður um miðjan fimmta áratuginn. Á svæðinu er þó allmikið af húsum frá því fyrir 1954. Yfirbragð hluta þessarar byggðar er nokkuð heildstætt hvað varðar húsagerðir og hæð húsa en byggingarstíllinn er fjölbreytilegur.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa að breyta fyrirkomulagi bílastæða á lóðinni þannig að hafa tvöfalt bílastæði fyrir framan aðalinngagn hússins.

Á gildandi deiliskipulagsupprætti eru tvö stæði á lóðinni, eitt fyrir framan aðalinngang og annað fyrir framan skilgreindan bílskúr.

Ekki er lagst gegn því að hafa tvöfalt bílastæði fyrir framan aðalinngang húss, en þó með þeim forsendum að leggja bílastæðið niður og loka innkeyrslunni að því.

Bent er á að vanda skal til alls frágangs við gerð nýs bílastæðis og leitast við að koma fyrir gróðri. Huga þarf að blágrænum ofanvatnslausnum og má t.d. setja grasstein á stæðin. Með því verður yfirborð þess grænt og ofanvatn á greiða leið niður í undirlagið.

Niðurstaða

Ekki mun verða lagst gegn því að lóðarhafi láti breyta deiliskipulagi á eigin kostnað með tilliti til ofangreindra atriða.

f.h. Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Olga Guðrún Sigfúsdóttir, arkitekt FAÍ og verkefnastjóri.

